



50. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Lindinni 16. júní 2005 kl. 18.00.

*Fundinn sátu Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður, Ragnar Sær Ragnarsson, Gunnar Þorgeirsson, Hilmar Bragason, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason.
Aðrir fulltrúar voru forfallaðir.*

Dagskrá:

1. Innritun
 2. Umsóknir um auglýst störf
 3. Styrkveitingar til afburðanemenda
 4. Önnur mál.
-

Form setti fund og vakti athygli á því að þetta væri 50. fundur nefndarinnar og því væri þessi fundur haldinn í Lindinni.

1. Innritun

Hann gaf því næst skm. orðið um innritun. Fjallaði hann fyrst um rafræna innritun sem nú fór fram fyrsta sinni. Kvað hann hana hafa gengið allvel. Því næst gerði hann grein fyrir innritun í skólann þessu sinni. 42 umsóknir bárust og eru þær færri en vonir stóðu til. Skm velti fyrir sér mögulegum skýringum á þessu.

Páll dreifði og fylgdi úr hlaði tölulegum upplýsingum um umsækjendur og áætlaðan fjölda og samsetningu nemenda á næsta skólaári. **(fskj. 1)**

Var staða mála rædd nokkuð en ekkert ályktað um málið.

2. Umsóknir um auglýst störf.

Skólameistari dreifði upplýsingum um auglýst störf og umsóknir. (fskj. 2)

Auglýst var staða dönskukennara (50-75%). Ein umsókn barst frá Óttari Einarssyni. Var hún samþykkt.

Auglýst var hlutastaða í stærðfræði og eðlisfræði (37,5%). Tvær umsóknir bárust, en vegna breyttra forsendna innanúss tókst að leysa málið þar og munu núverandi kennarar sinna umræddri kennslu.

Auglýst var hlutastaða í frönsku til eins árs. (50-75%).

5 umsóknir bárust. Samþykkt var að tillögu skm að ráða Ástu Ingibjartsdóttur, framhaldsskólakennara og MA í frönskum málvísindum.

Skólanefnd lýsir sérstakri ánægju með stöðugleika í starfsmannahaldi skólans.

3. Styrkveitingar til afburðanemenda.

Skm fylgdi úr hlaði og dreifði blaði með upplýsingum um 8 nemendur sem voru með aðaleinkunn 9.0 eða hærra við lok skólaárs. **(fskj. 3.)**

Hann gerði grein fyrir hvernig þessi hugmynd væri til komin og hvernig hún hefði þróast. Hann hefur þegar, í samráði við formann nefndarinnar sent þeim nemendum,

sem þarna um ræðir, bréf þar sem þeim er tilkynnt um styrkuppþæð þeim til handa að upphæð 50.000 vegna næsta skólaárs.

Gunnar taldi alla styrki af þessu tagi geta orkað tvímælis. Nauðsynlegt sé að til séu skýrar reglur til að ekki skapist óánægja.

Hilmar spurðist fyrir um hvaðan fé kæmi í sjóðinn, en hann byggir nú á gjafafé frá júbílöntum.

Ragnar taldi mikilvægt að setja sjóði af þessu tagi reglur.

Fundarmenn vörpuðu síðan á milli sín hugmyndum um slíkan sjóð og allir sammála um mikilvægi regluverks.

Skm tók undir mikilvægi þess að setja sjóðnum skýrar reglur og lagði til að á næsta fundi nefndarinnar verði lögð fram drög að reglum fyrir úthlutun af þessu tagi.

Ákveðið að skm. ásamt nefndarmönnum og fltr. nemenda vinni í þessu fyrir haustfund nefndarinnar.

4. Önnur mál

a. Skm lagði fram tillögu að verðskrá vegna næsta skólaárs. (fskj. 4).

Hún er skv. tillögunni óbreytt.

Skólanefnd samþykkti að verðskrá fyrir næsta skólaár hækki um 5% frá gildandi verðskrá.

b. Greiðslur fyrir fundarsetur skólanefndar.

Skm lagði fram tillögu um að fundareiningar formanns verði 12 og annarra nefndarmanna 6 einnig komi til greiðsla vegna aksturs nefndarmanna.

Skólanefnd staðfesti það.

c. Samningur við OgVodafone um sendis.

Skm greindi frá samningi sem hann hefur gert við OgVodafone um uppsetningu sendis á skólahúsinu.

d. Bréf vegna Héraðsskólahúss.

Skólanefnd lýsir undrun sinni vegna skorts á viðbrögðum menntamálaráðherra við bréfi vegna Héraðsskólahúss, en bréfið var sent ráðherra í kjölfar samþykktar á síðasta fundi nefndarinnar þann 5. apríl.s.l.

Fundi slitið kl. 19.15 og nefndarmenn settust að snæðingi þar sem boðið var upp á fiskitvennu og fleira girnilegt.

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason